



Infliximab lyfjagjöf

Gigtarsjúkdómur hjá barni

Hvernig virkar lyfið?

Infliximab er líftæknilyf sem dregur úr bólguviðbrögðum ónæmiskerfisins. Með því að hemja þessi viðbrögð geta einkenni barnagigtar svo sem liðbólgur, hreyfiskerðing, verkir og þreyta minnkað. Lyfið byrjar að virka eftir fjórar til tólf vikur. Það er notað ef önnur lyf svo sem methotrexate, hafa ekki gefið nægilega góðan bata. Lyfið er oftast gefið með öðrum gigtarlyfjum, svo sem methotrexate. Sérlyfjaheiti infliximab eru meðal annars Remicade®, Flixabi®, Inflectra®, Remsima®.

Hvernig er lyfið gefið?

Lyfið er gefið sem dreypi í æð á sjúkrahúsi. Fyrst er lyfið gefið á tveggja og svo fjögurra vikna fresti en síðan eftir þörfum, á sex til átta vikna fresti. Hver gjöf tekur þrjár til fjórar klukkustundir.

Hverjar eru mögulegar aukaverkanir?

Alvarlegar aukaverkanir eru sjaldgæfar. Við gjöf lyfsins geta komið fram ofnæmisviðbrögð, en einnig önnur almenn einkenni svo sem höfuðverkur, svimi, ógleði, kviðverkur, niðurgangur, útbrot, þreyta, brjóstverkur og hiti. Lyfið getur haft áhrif á blóðfrumur og lifur og þess vegna eru blóðsýni tekin reglulega.

Þegar bólguviðbrögð ónæmiskerfisins eru hamin með infliximab getur mótstaða gagnvart sýkingum minnkað og þá eykst hætta á kvefi og sýkingum í öndunarferum. Einnig geta alvarlegri sýkingar af völdum baktería komið fram en slíkt er þó mjög fátítt.

Þarf að fylgjast sérstaklega með mér?

Þú þarf að vita um mögulega hættu á sýkingum og taka þarf blóðsýni reglulega. Hafðu samband við barnagigtarteymið ef þú heldur að þú sért með aukaverkanir af meðferðinni.

Aðrar upplýsingar

Bólusetningar

Ef gefa á bólusetningar sem innihalda lifandi veiklaða sýkla meðan lyfið er notað þarf að ræða það sérstaklega við lækni eða hjúkrunarfræðing barnagigtarteymis. Þetta á til dæmis við um bólusetningu gegn mislingum, hettusótt og rauðum hundum, hlaupabólu og berklum.

Skurðaðgerðir

Skurðaðgerðir er gott að skipuleggja með fyrirvara ef mögulegt er. Stundum er tímasetningu eða tíðni lyfjagjafa breytt tímabundið vegna skurðaðgerða.

Meðganga og brjóstgjöf

Óljóst er hvort lyfið getur haft óæskileg áhrif á þungun og brjóstgjöf. Ef spurningar vakna ræddu við lækni eða hjúkrunarfræðing barnagigtarteymis.

Tannhirða

Tannhirða er mikilvæg. Ef fyrirhuguð er aðgerð hjá tannlækni þar sem blæðing getur orðið eru stundum gefin sýklalyf til að koma í veg fyrir að bakteríur komist í blóðrás og valdi sýkingu.

Húðflúr og götun

Mikilvægt er að hafa í huga að aukin hætta getur verið á húðsýkingum tengt húðflúri eða götun.

Láttu vita um meðferðina ef þú þarft að leita til annarra lækna en þeirra sem venjulega annast meðferð þína.

Frekari upplýsingar um lyfið

Sérlyfjaskrá, Lyfjastofnun: <https://www.serlyfjaskra.is/ShowResult.aspx?d=1&p=1&n=0&i=1&t=0&a=0&at=0&m=0&q=Infliximabum+INN>